



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

*Alþingi
Erindi nr. Þ 130/488
komudagur 4.12.2003*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2003

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 304. mál. Um er að ræða álagningu eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2004.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja sérstaklega vekja athygli nefndarmanna í Efnahags- og viðskiptanefnd á álitum samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila á rekstrar-áætlun Fjármálaeftirlitsins sem fylgir frumvarpinu, merkt sem fylgiskjal II. Eins og fram kemur í álitinu telur samráðsnefndin að Fjármálaeftirlitið hafi ekkert tillit tekið til þeirrar málefnalegu ábendinga sem nefndin hefur lagt til og að ljóst sé að skörð verða hoggin í þá taug, ef það verður hefbundið verklag Fjármálaeftirlitsins að horfa ekki að neinu leyti til þeirra ábendinga, sem nefndin hefur sett fram.

Í þessu sambandi má vekja athygli á fróðlegu erindi, sem Ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, dags. 3. desember 2001. Í umræddu erindi lýsir ráðgjafanefndin verulegum efasemdum um stjórnskipulag og tekjuöflunarkerfi Fjármálaeftirlitsins, þar sem eftirlitið sé í reynd gefið sjálfðæmi um gjaldtöku af eftirlitsskyldum aðilum og ljóst sé að samráðsnefndin tryggji ekki nauðsynlegt viðnám gagnvart útpenslu stofnunarinnar. Í annan stað hefur ráðgjafanefndin verulegar athugasemdir um að kostir þess að skipa eftirlitsstofnunum til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkisins, sem m.a. hafi þau áhrif að auðvelda sjálfstöku stofnunarinnar á tekjuhlið, m.a. á launum stjórnarmanna efturlitsins, sem hljóta að teljast einsdæmi í opinberri stjórnarsýslu.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja gjarnan að hér á landi sé sterkt og skilvirkt Fjármálaeftirlit. En það gengur engan veginn að Fjármálaeftirlitið sniðgangi ár eftir

ár allar tillögur þeirra aðila, sem samkvæmt lögum ber að greiða kostnað af eftirlitinu og að Alþingi samþykki einnig árlega auknar álögur á eftirlisskylda aðila. Telja Landssamtök lífeyrissjóða að reynslan hafi sýnt að nú sé mál að linni og að það regluverk sem sniðið hefur verið að Fjármálaeftirlitinu og eftirlitsskyldum aðilum, hvað varðar kostnað af eftirlitinu, gangi engan veginn upp og nauðsynlegt sé að skoða betur önnur stjórnsýsluleg úrræði, sbr. umrætt erindi Ráðgjafanefndar um opinberar eftirlitsreglur, sem vikið hefur verið að í þessari umsögn.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

A handwritten signature in cursive script, appearing to read 'Stefán Magnússon', written over a horizontal line.